

Fundur 14.mars 2024

Mættir. Trostan Agnarsson sem ritaði fundargerð, Birgitta Sveinsdóttir, Þyrey Hlífarsdóttir, Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir, Guðríður Magnúsdóttir, Halldór Stefánsson og Sigrún Eva Helgadóttir.

Dagskrá:

1.Yfirferð skóladagatala. Dagatalið lagt fram eftir vinnu hjá starfsfólki. Rætt um samræmd haustfrí og upphaf og lok skólaárs. Vangaveltur um hvort betra sé fyrir fólk að byrja eins snemma og kostur er og losna fyrir á vorin eða að snúa því við og starfa lengur fram í júní. Ekki eru gerðar athugasemdir við skóladagatalið og telst það því samþykkt. Enn á eftir að velja tímasetningu fyrir árshátíð unglíngastígs og mun starfshópur innan skólans komast að niðurstöðu um málið

2.Opinn fundur um skólamála. Farið yfir stöðu máls. Fram kemur að Byggðaráð hefur tekið erindið fyrir og samþykkt að haldinn verði fundur um málið. Enn á eftir að finna fundartíma og var rætt að líklega væri best, ef kostur er að fundurinn verði eftir hádegi. Þá var og rætt hversu seint hann mætti vera að deginum, þar eð líklegt má telja að foreldrar leikskólabarna vilji einnig sækja fundinn og þarf því að velja tímasetningu fundar með það í huga.

3.Þróunarmál. Rætt um skólaþróun, rætt um hugsanlegt þróunarverkefni sem felur í sér þróun gæðagreina um námsmat og umbætur til þess að skólastarfið verði sem árangursríkast og sem best í takt við tímann.

Í framhaldi af þessu var rætt um Kveikjum neistann sem er þróunarverkefni í Vestmannaeyjum.

Spurt var út í hversu mikil gögn lægju fyrir um stöðu skólans almennt eða samanborið við landið.

Bent var á að ekki lægi mikið fyrir um samanburð eftir að samræmdu prófin hurfu.

Af og til fer fram ytra-mat þar sem skólinn er skoðaður og daglegt starf metið.

Bent var á að ekki væri ástæða til þess að breyta neinu sem telst vera í lagi, til þess eins að breyta því.

4.Önnur mál.

Bent var á að gæta þyrfti vel að hálkuvörnum og söndun við skólann svo að ekki hljóttist slys af, en sandurinn er ódýr forvörn.

Einnig var bent á að þegar skólaakstursleiðir breyttust með útboði síðastliðið vor barst málið ekki til skólaráðs til kynningar og umfjöllunar. Upplýsingar bárust því ekki áfram til foreldra um fyrirhugaðar breytingar fyrr en komið var að nýju skólaári.

Fleira ekki gert og fundi slitið.